



- ÍST 85:2012 -

Jafnrétti borgar sig

Staðallinn ÍST 85:2012 *Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar* er lögbundinn frá 1. janúar 2018. Síðan hefur fjöldi fyrirtækja og stofnana innleitt staðalinn og yfir 70 skipulagsheildir hafa öðlast vottað jafnlaunakerfi samkvæmt honum. Samhliða er reynsla og þekking fagaðila, ráðgjafa og aðila á vinnumarkaði að byggjast hratt upp og aðferðafræðin við innleiðingu er í stöðugri mótun.

Gæðastjórnun og málefnalegur launamunur

Ísland stendur framarlega í alþjóðlegum samanburði er snýr að jafnrétti kynjanna. Staðreyndin er samt sú að kynbundinn launamunur er til staðar hér á landi, hvort sem litið er á leiðréttan eða óleiðréttan launamun. Ekki hefur náðst að brúa launabilið þrátt fyrir lög þar að lútandi frá árinu 1976. Hvatinn að gerð jafnlaunastaðals var að skapa umgjörð sem leggur áherslu á málefnaleg sjónarmið við ákvarðanir um laun og önnur kjör. Með því er stefnan sett á að loka launabilinu og útrýma ómálefnalegum launamun kynjanna. Sérstaða jafnlaunastaðalsins er fólgin í tengingu gæðastjórnunar við jafnréttis- og mannauðsmál, sem eru ein mikilvægasta grunnstoð allra skipulagsheilda.

Virði jafnréttis

Hefðbundinn hvati við innleiðingu gæðastaðla er alla jafna sá að auka aðgengi að mörkuðum, auka gæði vöru og þjónustu og auka traust viðskiptavina. Leiðin að þessum markmiðum felst í að skilgreina virði, virðisaukningu og halda utan um virðisaukandi ferla í meginstarfsemi sem og að tryggja að öllum ytri kröfum sé mætt. Með innleiðingu á jafnlaunastaðlinum er verið að skilgreina verklag við ákvörðun launa og virka rýni á stöðu jafnréttismála. Því má líta á innleiðingu sem tækifæri til aukins hagræðis og samræmingar í launamyndun sem er oftast en ekki einn stærsti kostnaðarliður fyrirtækja og stofnana. Einnig eru skýr tengsl á milli stöðu jafnréttismála og starfsánægju. Starfsfólk upplifir aukna starfsánægju ef stefna er skýr og það sér að sanngirn og gangsaer ríkir við ákvarðanir. Ánægja starfsfólks er lykilþáttur í auknu virði og skilar sér með auknu vinnuframlagi, bættu orðspori og síðast en ekki síst í beinum áhrifum á ánægju viðskiptavina.

Skýr forysta skilyrði árangurs

Jafnlaunastaðall, líkt og aðrir stjórnunarstaðlar, leggur ríka áherslu á hlutverk



Anna Beta Gísladóttir,
verkfræðingur og ráðgjafi hjá Ráður ehf.

stjórnenda sem ábyrgðaraðila jafnlaunakerfa. Þar sem innleiðing ÍST 85:2012 er drifin af áfram af lagalegri skyldu er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir því að jafnlaunastefna- og stjórnun fléttist inn í alla ferla og stefnumótun er varða mannauðs- og launamál. Innleiðing þarf að njóta stuðnings og vera leidd áfram af efsta stjórnunarlagi hvernar skipulagsheildar og skila sér í virkum ferlum í launaákvörðunum. Sannur árangur næst ef forystan er skýr. Það er krafa til æðstu stjórnenda fyrirtækja og stofnana um að láta sig málin varða og taka virkan þátt í stefnumótun og rýni á jafnlaunakerfi.

ÍST 85 Lykilatriði og notkun

Námskeið 16. maí

Markmið námskeiðisins er að þátttakendur þekki meginatriði og helstu ferla jafnlaunastaðalsins ÍST 85 *Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar* og geti beitt staðlinum við jafnlaunastjórnun og launaákvörðanir.

SKRÁNING HAFIN!

NÝTT NÁMSKEIÐ

Vinnuvernd - ISO 45001 - bls. 2

Staðlar byggja upp traust - bls. 3

Gæðastjórnun sveitarfélaga - bls. 4

- Vinnuvernd -

ISO 45001:2018 – Staðall sem markar tímamót

Alls látast 2,78 miljónir manna á ári hverju af völdum vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma. Auk þess eru skráð um 374 miljón atvinnutengd slysa og sjúkdómstilvik á hverju ári, mörg þeirra mjög alvarleg (www.ilo.org). Enda þótt beinn kostnaður vegna slysa og veikinda sé hár er óbeinn kostnaður mun meiri. Öryggi starfsmanna og vinnuvernd skipta því miklu máli í rekstri fyrirtækja.

Stjórn öryggismála hluti af stjórnkerfinu

ISO 45001:2018 byggir töluvert á breska staðlinum OHSAS 18001:2007. Engu að síður eru staðlarnir um margt ólíkir. ISO 45001 sækir meðal annars margt í tilskipanir og staðla ILO, Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, en einnig í aðra staðla, svo sem HSG65 (www.hse.gov.uk). ISO 45001 er líka byggður upp á sama hátt og aðrir alþjóðlegir stjórnunarstaðlar. Það verður því aðgengilegra en áður að byggja upp stjórnkerfi sem uppfylla t. d. bæði kröfur ISO 45001 og ISO 9001:2015.

ISO 45001:2018 leggur áherslu á framsækna áhættustjórnun og gerir kröfu um að útrýma hættum (hazards), frekar en treysta á að hafa stjórn á áhættum (risks) sem þeim fylgja. Fyrirmæli um áhættustjórnun eiga ekki aðeins við um þær hættur sem steðja að rekstrinum, heldur einnig stjórnkerfið sjálft, þ.e. forgangsröðun aðgerða og fjárfesting í stjórnun á að vera í samræmi við mögulegar afleiðingar. Gerð er krafa um að stjórn öryggismála sé óaðskiljanlegur hluti af annarri stjórnun og að ábyrgð öryggismála sé hjá æðstu stjórnendum.



Lagalegar kröfur um vinnuvernd eru meðal þeirra krafna sem ISO 45001 gerir kröfu um að séu uppfylltar, en OHSAS 18001 tilgreinir lagalegar kröfur sem lágmarkskröfur. Fleiri atriði koma fram með ákveðnari hætti í ISO staðlinum, svo sem samráð við starfsfólk.

Gerð er krafa um að rekstraraðilar greini innra- og ytra rekstrarumhverfi sitt og ákvarði hvaða þættir geta haft áhrif á frammistöðuna. Með þessu er frekar tryggt að stjórn öryggis- og heilbrigðismála verði órjúfanlegur hluti af annarri stjórnun.

Mörg fyrirtæki uppfylla kröfur ISO 45001

Vottunaraðilar þurfa að uppfylla kröfur um þekkingu, hæfni og innri gæðastjórnun. Annars vegar er þessum kröfum beint að þeim þáttum sem eru sameiginlegir í nýjum

útgáfum ISO stjórnunarstaðlanna (ISO/IEC 17021-1:2015). Hins vegar er þeim beint að þeim þáttum sem sérstaklega varða ISO 45001 (ISO/IEC TS 17021-10:2018). Þessum kröfum er m.a. ætlað að auka gildi vottunar óháðs aðila og þá um leið vægi staðalsins í alþjóðlegu samhengi.

Mörg fyrirtæki sem eru vottuð samkvæmt OHSAS 18001:2007 uppfylla væntanlega kröfur ISO 45001:2018. Engu að síður tel ég að útgáfa ISO 45001:2018 marki tímamót hvað varðar staðla um öryggi og vinnuvernd. Ég hvet því alla til að fylgjast vel með umræðu um þennan staðal, sem og aðra ISO stjórnunarkerfisstaðla.

*Sigurður Sigurðsson verkfræðingur,
fagstjóri áhættumats hjá
Vinnueftirliti ríkisins.*



Ert þú áskrifandi?

Rafrænt fréttabréf Staðlaráðs færir þér fréttirnar á umhverfisvænan hátt –
Skráning á stadlar.is

- Yfirlýsing -

Staðlar byggja upp traust

Í tilefni kosninga til Evrópuþingsins 23. Ítil 26. maí sendu Evrópsku staðla-samtökin CEN og CENELEC frá sér yfir-lýsinguna „Staðlar byggja upp traust“. Yfirlýsingunni er ætlað að varpa ljósi á hve staðlar eiga ríkan þátt í árangri evrópskra stjórnvalda við að ná fram forgangsmálum sínum.

Staðlaráð er aðili fyrir Íslands hönd að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC. Eftirfarandi er lausleg þýðing á hluta fréttatilkynningar samtakanna tveggja, en ljóst má vera að efnið snertir Ísland og Evrópska efnahagssvæðið rétt eins ríki ESB og innri markaðinn:

Evrópskir staðlar sem þróaðir eru á vegum CEN og CENELEC gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja að ESB, stærsta hagkerfi heimsins, svari samfélagslegum kröfum og tæknilegum kröfum, bæði dagsins í dag og morgundagsins. Evrópskt staðlastarf kallar saman á einn stað sérfræðipækningu úr atvinnulífi, neytendur, borgarasamtök, lítil og meðalstór fyrirtæki og stjórnvöld í kerfi sem byggir á víðtækri þátttöku og sammæli. Allt til að þróa staðla sem eru í takt við tímann og í útbreiddri notkun.

Með yfir 24 þúsund evrópskra staðla gegna CEN og CENELEC lykilhlutverki við að samræma innri markað Evrópu. Einn og sami evrópski staðallinn er gerður að landsstaðli í 34 ríkjum og greiðir þannig leiðina á innri markaðinn og ryður úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum. Þetta einstaka fyrirkomulag í evrópsku staðlastarfi auðveldar stjórnvöldum að fá forgangsmálum sínum framgengt með því að auka hæfni viðskiptalífsins, draga úr kostnaði og skapa traust hjá neytendum.

Yfirlýsingin sem CEN og CENELEC gáfu út þann 9. apríl 2019 varpar ljósi á hve framlag evrópsks staðlastarfs er mikilvægur



stuðningur við markmið stjórnvalda: *Gervigreind, græn orka, bálkakeðjur og snjöll heimilistæki.* Það er sama hvar borið er niður; á komandi árum munu Evrópuríki þurfa að taka mikilvægar ákvarðanir til að halda samkeppnisstöðu sinni í heiminum. Staðlar hjálpa til við að ná því marki.

Fimm forgangsmál fyrir framtíð Evrópu

CEN og CENELEC hafa skilgreint fimm mikilvæg svið þar sem staðlar geta stutt rækilega við pólitíska stefnumótun.

- *Samræmdur innri markaður.* Staðlar draga úr skrifræði með því að bjóða ódýrari og auðveldari leiðir við að sýna fram á að vara uppfylli evrópska löggjöf.
- *Samkeppnishæfur evrópskur iðnaður með leiðandi stöðu í alþjóðaviðskiptum.* Evrópskir staðlar ýta undir tækni-framfarir í Evrópu og halda um leið á loft evrópskum hagsmunum í alþjóðlegu staðlastarfi. Þökk sé náninni samvinnu við alþjóðlegu staðlasamtökin ISO og IEC.
- *Traust á nýrri tækni.* Staðlar bjóða upp á evrópskar aðferðir sem þykja bestar við umbreytingu samfélagsins frá hliðrænni tækni til stafrænnar, með hagsmuni borgaranna að leiðarljósi.
- *Aukin nýsköpun í Evrópu.* Í gegnum nýsamþykkt „Strategic Innovation Plan“ greiða CEN og CENELEC rannsóknum

og visindalegum niðurstöðum leið út á markaðinn.

- *Markmiðin um sjálfbæra þróun. Heims-marknið Sameinuðu þjóðanna.* Staðlar gagnast við að innleiða sjálfbæra nýtingu auðlinda og orku og vernda um leið neytendur, fólk á vinnumarkaði og umhverfi.

Vinum saman fyrir Evrópu

Yfirlýsing þessi er nýjasta skrefið í langri hefð fyrir samvinnu hins opinbera og einkageirans í Evrópu: Í stöðlunarstarfi sínu hafa CEN og CENELEC ávallt unnið með evrópskum stofnunum. Eitt mest áberandi svið þeirrar samvinnu eru samræmdir staðlar: Það eru staðlar sem eru þróaðir með það að markmiðið að auðvelda hlítungu við evrópska löggjöf undir „Nýju aðferðinni“. Samræmdir staðlar stuðla að því að tryggja langvarandi stöðu Evrópu sem forystuafli í heimsviðskiptum.

Á grunni þessa gjöfula samstarfs vilja CEN og CENELEC, ásamt 34 aðildarríkjum sínum, fyrir alla muni halda áfram að vinna með Evrópusambandinu við að gera Evrópu snjallari, sanngjarnari, sjálfbærari og trúverðugri fyrir alla íbúa. Hið sjálfdrífna, sveigjanlega og víðtæka evrópska staðla-samstarf er mikilvæg auðlind og skilvirkt verkfæri fyrir Evrópusambandið til að mæta áskorunum framtíðarinnar.

NEYÐARLÝSINGARKERFI Staðlar sem öflug verkfæri

Námskeið 8. maí

Námskeið fyrir hönnuði brunakerfa, lýsingarhönnuði, raflagnahönnuði, arkitekta, innanhússarkitekta, verkfræðinga, rafvirkja, úttektaaraðila og viðhaldsmenn neyðarlýsingarkerfa.

Markmið námskeiðsins er að þáttakendur þekki helstu neyðarlýsingarstaðla og geti notfært sér þá við hönnun, uppsetningu, úttekt og viðhald á neyðarlýsingarkerfum.

SKRÁNING HAFIN!

NÝTT NÁMSKEIÐ



- ISO 18091:2019 -

Gæðastjórnun í sveitarfélögum

Ríki- og sveitarfélög eru stærstu veitendur þjónustu í hverju landi og verkefni hinna síðarnefndu snerta íbúana iðulega með beinum hætti. Sveitarfélög hafa á sínum höndum frárennismál, almenningssamgöngur, heilsugæslu, félagsmál, íþrótt- og tómstundamál, skólamál, götulýsingu, sorphirðu Upptalningin er hvergi nærri tæmandi en ljóst er að íbúar sveitarfélaga gera óhjákvæmilega miklar kröfur til þeirra sem stjórna málum. Einnig blasir við að heildstætt stjórnunarkerfi er nauðsynlegt til að halda utan um málefni eins sveitarfélags þannig að stjórnun þess sé heilðræn og skilvirk; komi heim og saman væntingum íbúanna og fjármunum sem úr er að spila, taki mið af umhverfisáhrifum, breytingum á samsetningu íbúa og svo framvegis. Áskoranirnar eru fjölmargar. Góðu fréttirnar eru þær að til er þrautreynt stjórnunarkerfi sem allur heimurinn þekkir og margskonar skipulagsheildir, smáar og risastórar, hafa stuðst við áratugum saman. Það er gæðastjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 9001.

Leiðbeiningar um beitingu ISO 9001 í sveitarfélögum

ISO 18901 var fyrsti alþjóðlegi staðallinn sem gerður var til að leiðbeina sveitarfélögum við að innleiða gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 9001. Ný útgáfa ISO 18091 inniheldur nú kröfurnar í ISO 9001:2015 en auk þess ýmis verkfæri í viðaukum sem auðvelda notendum að fá sem mest úr gæðastjórnunarskaðlinum. Viðauki A sýnir til dæmis aðferð sem sveitarfélög geta notað við að meta frammistöðu sína í einstökum málaflokkum og draga fram það sem betur má fara. Umrætt verkfæri er í raun sprottið upp úr *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun* og fengið góðfúslega að láni þaðan. ISO 18091:2019 *Quality management systems - Guidelines for the application of ISO 9001 in local government*, eins og staðallinn heitir fullu nafni, er nefnilega ætlaður bæði til að halda uppi skilvirkri þjónustu og ýta um leið undir sjálfbæra þróun sveitarfélaga.



Um að 65% af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru meira og minna háð framgöngu sveitarfélaga.

Verkfæri fyrir kjörna fulltrúa

Carlos Gadsden, sérfræðingur í opinberri stjórnun, segir um ISO 18091 að staðallinn sé ekki aðeins tæknilegt skjal fyrir sérfræðinga heldur nauðsynlegt verkfæri fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnun: „Sveitarstjórnarmenn geta notað þessa viðauka [staðalsins] til að meta hvernig þeim miðar við að uppfylla 17 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.“

Staðallinn ISO 18091:2019 má fá í Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs, stadlar.is



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar fjölskyldan sleikir sólina á Tenerife.

Einn af nokkrum íslenskum stöðlum um sólarvörn er ÍST EN ISO 24442 *Cosmetics - Sun protection test methods - In vivo determination of sunscreen UVA protection*.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.